



Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, miðvikudagur, 8. maí 2024
UST202404-323/H.G.
04.00

Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi

Vísað er til erindis dags. 24. apríl sl. þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendi til umsagnar 930. mál, frumvarp til laga um lagareldi.

Meginþættir frumvarpsins eru eðli máls samkvæmt þeir kaflar er lúta að lagareldi, þ.e. sjókvíaeldi, landeldi og hafeldi. Umhverfisstofnun veitti umsögn um frumvarpið í samráðsgátt þann 12. janúar sl. og um áform um lagasetningu þann 17. nóvember sl. Umhverfisstofnun bendir á að til starfrækslu fiskeldis þarf bæði rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að bæði þessi leyfi séu gefin út samtímis. Til að það markmið geti gengið eftir þarf málsmeðferð beggja leyfanna að vera eins. Með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til að tryggja það.

Stofnunin ítrekar þannig áður framkomnar athugasemdir sínar að svo miklu leyti sem það á við. Stofnunin hefur átt fundi með matvælaráðuneytinu um frumvarpið og sér að tekið var tillit til tiltekinna athugasemda stofnunarinnar. Þá hefur Umhverfisstofnun sent minnisblað til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og komið á framfæri áhyggjum sínum af því að lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir verði ekki breytt samhliða setningu laga um lagareldi (sjá að neðan). Umhverfisstofnun vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

Móttaka og afgreiðsla umsókna

Í 5. málsl. 4. mgr. 26. gr segir:

Sé starfsleyfi sem útgefið er af Umhverfisstofnun endurútgefið eða endurskoðað skal Umhverfisstofnun afhenda umsækjanda starfsleyfið.

Umhverfisstofnun bendir á að hugtakið endurútgáfa er ekki til í lögum nr. 7/1998, æskilegra væri að segja gefið út að nýju þar sem gildistími þess hefur liðið.

Auglýsing tillögu að rekstrarleyfi

Í 29. gr. er kveðið á um að Matvælastofnun skuli taka ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfisins innan tveggja mánaða frá því að frestur rann út til að gera athugasemdir. Umhverfisstofnun bendir á að fresturinn sem stofnunin hefur til að

gefa út starfsleyfi er hins vegar einn mánuður. Mikilvægt er að samræma tímafrestina og það kallar á breytingu á ákvæðinu eða á lögum nr. 7/1998.

Móttaka og afgreiðsla umsókna

Umhverfisstofnun bendir á að í 1. másl. 3. mgr. 96. gr. frumvarpsins er vísað í númer laga nr. 7/1998 en það er ekki gert í 1. másl. 4. mgr. 26. gr. frumvarpsins. Hér mætti gæta samræmis og vísa í báðum tilvikum til laganna ásamt númeri þeirra.

Tilraunaleyfi í hafeldi

Í 111. gr. er fjallað um tilraunaleyfi í hafeldi. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegast er að afstaða Skipulagsstofnunar skuli liggja fyrir áður en sótt sé um leyfið og áður en umsagnar fagstofnana sé leitað um málið.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun telur vanta umfjöllun um lögbundin umhverfismarkmið vatnshlota í 5. og 32. gr. Í 5. gr. er fjallað um burðarþolsmat, vöktun og rannsóknir. Fram kemur í greininni að Hafrannsóknastofnun skuli meta áhrif af völdum álags frá sjókvíaeldi með því að framkvæma tímabundnar rannsóknir á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis og vakta ástand vistkerfa innan vatnshlota eða annarra afmarkaðra hafsvæða sem þegar hafa verið metin til burðarþols. Í þessu samhengi vill Umhverfisstofnun benda á að skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 8. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála hefur Hafrannsóknastofnun það hlutverk að leggja til gögn um lífríki í straumvötnum, stöðuvötnum, árósavatni og strandsjó og hefur samræmingarhlutverk á því sviði. Stofnunin skuli leggja til gögn um líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðarætti ásamt sérþekkingu sinni. Umhverfisstofnun gerir samninga við Hafrannsóknastofnun skv. 9. gr. reglugerðarinnar um tiltekin innleiðingarverkefni stjórnar vatnamála. Mikilvægt er að þau gögn sem er aflað við vöktun sjókvíaeldis skili sér jafnframt inn í skilagátt stjórnar vatnamála svo hægt sé að uppfylla kröfur um að staðfesta ástand vatnshlota sem eru undir álagi af sjókvíaeldi. Með öðrum hætti er ekki hægt að fylgjast með því hvort lögbundin umhverfismarkmið vatnshlotanna séu uppfyllt. Í 32 gr. er fjallað um úthlutun aukins burðarþols. Mikilvægt er að hér komi fram sú krafa að meta þurfi áhrif aukins burðarþols á umhverfismarkmið vatnshlotins sem burðarþolið nær til. Það samræmis ekki lögum um stjórn vatnamála að heimila aukið burðarþol í vatnshlot sem er í hættu á að ná ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það.

Lokaorð

Umhverfisstofnun telur margt jákvætt í frumvarpinu og telur frumvarpið miða að sterkari umgjörð utan um fiskeldi. Stofnunin telur þó mikilvægt að tekið sé mið af framangreindum atriðum.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund atvinnuveganefndar Alþingis til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllt,
Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur

Minnisblað um þörf á breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna frumvarps til nýrra lagareldislaga

Dagsetning: 15. febrúar 2024

Til: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra Frá: Umhverfisstofnun

Tilgangur þessa minnisblaðs er að vekja athygli umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á nauðsynlegum breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna frumvarps til nýrra lagareldislaga en einnig vegna fyrri breytinga á lögum um fiskeldi.

Drög að frumvarpi matvælaráðherra að nýjum lögum um lagareldi hafa verið sett í Samráðsgátt stjórnvalda og stefnt er að því að mæla fyrir því á Alþingi á næstunni en með frumvarpinu er stefnt að því að styrkja stjórnsýslu og eftirlit með fiskeldi en lagareldi er samheiti yfir sjókvíaeldi, landeldi og hafeldi. Í frumvarpinu er vísað til niðurstöðu stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar um að stjórnsýslan og eftirlit með sjókvíaeldi hefði reynst veikburða og brotakennd og vart í stakk búin að takast á við aukin umsvif greinarinnar á síðustu árum. Með vísan til þess telur Umhverfisstofnun sömuleiðis þörf á ýmsum breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að leyfisveitingar og eftirlit með lagareldi verði ekki ruglingslegt ferli vegna tveggja lagabálka sem tala ekki saman. Einnig er mikilvægt að gerðar séu breytingar á lögum nr. 7/1998 til að markmiðum lagareldisfrumvarpsins náist. Það er mikilvægt að tryggt sé að löggjöfin sem snýr að lagareldi sé sambærileg og vinni saman en ef lagareldisfrumvarpið verður samþykkt án breytinga á lögum nr. 7/1998 myndast að öllum líkindum flöskuhálsar í leyfisveitingum. Ekki eru að mati Umhverfisstofnunar forsendur til að afgreiða frumvarp matvælaráðherra eitt og sér frá Alþingi nema breytingar verði gerðar samhliða á lögum nr. 7/1998.

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Tilgangurinn með útgáfu starfsleyfa fyrir lagareldi er einkum að stýra og draga úr mengunarálagi á vatnsauðlindina og lífríkið á meðan tilgangur rekstrarleyfa er m.a. að koma í veg fyrir smitsjúkdóma og sníkjudýr og stuðla að dýravelferð. Eftirfarandi atriði eru ósamræmd milli laga nr. 7/1998 annars vegar og laga nr. 71/2008 um fiskeldi og lagareldisfrumvarpsins hins vegar og þarf því að skoða sérstaklega:

- Skráningarskylda fiskeldis undir matsmörkum laga nr. 111/2021 eða í samræmi við lagareldisfrumvarp
- Heimild til að hafna umsókn og útgáfu starfsleyfa
- Starfsleyfisskilyrði fyrir sjókvíaeldi
- Ótímabundin starfsleyfi – þarf að skoða sérstaklega í samhengi við annan iðnað
- Veðsetning starfsleyfa, hvort það verður heimilt eða ei
- Eftirlitsheimildir Umhverfisstofnunar
- Afturköllun starfsleyfa og forsendubrestur
- Ákvæði sem taka á gjaldþrota fyrirtækjum og ábyrgðartrygging
- Samræmd gagnagátt
- Endurskoðun á 53. gr. laganna um gjaldtökuheimildir Umhverfisstofnunar

Til nánari umfjöllunar er vísað til greinargerðar hér að neðan.

Fylgiskjal

Greinargerð

Orðskýringar

Lagareldi: sjókvíaeldi, landeldi og hafeldi

Skráningarskylda

Samræming vegna fyrri breytinga á fiskeldislögum

Í 8. gr. laga nr. 7/1998 er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis. Þessi heimild tekur aðeins til viðauka IV. um starfsemi sem heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir. Heimildin kom inn með lögum nr. 66/2017 en ráðherra hefur nýlega nýtt heimildina og sett reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur. Umhverfisstofnun er meðvituð að þegar frumvarpið var lagt fyrst fyrir Alþingi þá átti heimildin að ná til II-IV viðauka en við þinglega meðferð var því breytt m.a. vegna athugasemda Umhverfisstofnunar en ástæðan fyrir því að takmarka heimildina var vegna þess að „talið var rétt að stíga varlega til jarðar í þessum efnum“.

Umhverfisstofnun telur orðið tímabært að breyta 8. gr. laga nr. 7/1998 þannig að ráðherra verði veitt heimild til að gera starfsemi í II. viðauka skráningarskyldan með reglugerð. Það sem hefur breyst frá 2017 er í fyrsta lagi að mikil framkvæmd er komin á útgáfu leyfa fyrir fiskeldi hjá Umhverfisstofnun, í öðru lagi þá er komin framkvæmd á reglugerð nr. 830/2022, í þriðja lagi vegna fiskeldislaga og frumvarps um lagareldislög, í fjórða lagi hefur strandsvæðisskipulag Aust- og Vestfjarða tekið gildi og í fimmta lagi hefur vatnaáætlun verið samþykkt. Stofnunin telur æskilegt að fylgt verði sömu nálgun og í fiskeldislögum, eða lagareldisfrumvarpi, um skráningu. Í 5. gr. nógildandi fiskeldislaga nr. 71/2008 er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða á um í reglugerð að starfræksla fiskeldisstöðva á landi, þar sem hámarkslífmassi er allt að 20 tonnum á hverjum tíma og starfrækslan er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sé háð skráningarskyldu í stað útgáfu rekstrarleyfis. Heimildinni var bætt í lögin árið 2021 en tilgangur lagabreytinganna var til að koma til móts við minni aðila í landeldi með einföldun stjórnslu að leiðarljósi. Matvælaráðherra hefur nýtt þessa heimild þannig að framkvæmdin er í dag er sú að ef rekstraraðili hyggst starfrækja fiskeldisstöð á landi undir 20 tonnum, sem er undanþegið mati á umhverfisáhrifum, þá þarf hann skráningu frá Matvælastofnun en starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Með lagareldisfrumvarpinu er lagt til að halda þessari heimild inni en mælt er um skráningarskyldu í 95. gr. frumvarpsins. Umhverfisstofnun sér tækifæri til einföldunar að gera fiskeldi undir sömu mörkum skráningarskyld.

Heimild til að hafna umsókn og útgáfu starfsleyfa

Þörf: Samræming vegna fyrri breytinga á fiskeldislögum

Í lögum nr. 7/1998 er ekki mælt fyrir um skýra heimild Umhverfisstofnunar til að hafna umsókn um starfsleyfi eða útgáfu starfsleyfis þrátt fyrir í raun sé sú heimild til staðar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að formfesta með skýrari hætti ákvörðunartökuferli í þeim tilgangi að stuðla að markvissari, fyrirsjáanlegri og gagnsærri stjórnslu. Þá má nefna að í núgildandi fiskeldislögum nr. 71/2008 er mælt fyrir um heimildir Matvælastofnunar um að hafna umsókn og útgáfu rekstrarleyfa og sambærileg ákvæði er að finna í lagareldisfrumvarpinu. Stofnunin telur því rétt að bæta sambærilegum ákvæðum við lög nr. 7/1998. Ábending um þörf á úrbótum hvað varðar þetta kom einnig fram í niðurstöðum IMPEL úttektar sem fór fram árið 2023 á starfsleyfisgerð og eftirliti stofnunarinnar.

Starfsleyfi

Þörf: Vegna lagareldisfrumvarps

Í 30. gr. lagareldisfrumvarpsins er kveðið á um efni rekstrarleyfa en meiriháttar breyting er lögð til á formi rekstrarleyfa þar sem hvorki verður kveðið á um hámarkslífmassa né leyfilegan lífmassa hverju sinni, þar sem það skal koma fram í skrá sem Matvælastofnun mun halda utan um. Lagt er til að rekstrarleyfi verði einfölduð þannig að þau vísi einkum til gildandi laga og reglna hverju sinni sem og að staðfesti heimild viðkomandi rekstrarleyfishafa til sjókvíaeldis á tilteknu smitvarnasvæði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta verði skoðað út frá lögum nr. 7/1998 og að lögin kveði skýrt á um afgreiðslu leyfa fyrir sjókvíaeldi. Verði lögum nr. 7/1998 ekki breytt eða lagareldisfrumvarpinu þá mun koma upp mjög sérstök staða varðandi starfsleyfin og í sumum tilvikum munu ákvæði frumvarpsins ekki ganga upp, sbr. t.d. 120. gr. frumvarpsins um leigu laxahlutar.

Ótímabundin starfsleyfi

Þörf: Vegna lagareldisfrumvarps

Með lagareldisfrumvarpinu er lagt til að rekstrarleyfi fyrir lagareldi verði ótímabundin, sbr. 33., 101. og 108. gr. frumvarpsins sem er veruleg breyting. Þá eiga öll rekstrarleyfi skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi sem eru í gildi við gildistöku lagareldislaganna að breytast í ótímabundin leyfi við gildistöku laganna, sbr. VI. ákvæði til bráðabirgða. Ástæða þess að lagt er til að leyfi verði ótímabundin er fyrst og fremst sú að réttaráhrif gildistíma eru talin í reynd óljós samkvæmt fiskeldislögum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta verði skoðað með tilliti til laga nr. 7/1998.

Starfsleyfi eiga að vera gefin út til tiltekins tíma sbr., 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 en venjan er að Umhverfisstofnun gefi út leyfi til 16 ára í samræmi við 15. gr. laganna. Þegar tilskipun 2010/75/EB var innleidd í lög nr. 7/1998 var lagt til að nýta sveigjanleika sem tilskipunin gefur færi á en lagt var til að gildistími starfsleyfa verði ótímabundinn. Við þinglega meðferð málsins átti sér stað töluverð umræða um þetta atriði og kom gagnrýni um breytinguna fram m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landvernd og Umhverfisstofnun. Talið var að

viðvaranir Umhverfisstofnunar gæfu tilefni til varkárni í þessum efnunum og var því ákveðið að starfsleyfi ættu að vera áfram tímabundin.

Í ársbyrjun síðasta árs var framkvæmd úttekt á leyfisveitingarferli Umhverfisstofnunar á vegum IMPEL (IRI). Í umræðum við IMPEL kom í ljós að leyfi sem eru gefin út innan ESB skv. IED tilskipuninni eru yfirleitt ótímabundin en að það sé undantekning að þau séu tímabundin. Á svipuðum tíma var gerð norðurlandarannsókn á leyfisveitingarferlinum er þar kom fram að Finnland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð gefa almennt út ótímabundin starfsleyfi en í tilteknum tilvikum eru þau gefin út til tiltekins tíma en svo dæmi má nefna eru starfsleyfi fyrir vindorku gefin út til tiltekins tíma en vindorka fellur ekki undir tilskipun 2010/75/EB. Í Noregi eru tímabundin starfsleyfi gefin út ef þörf er að sjá hver áhrif starfseminnar er á umhverfið. Loks má nefna að í janúar síðasta árs kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um stjórnáætlun sjókvíældis en þar ályktar Ríkisendurskoðun að starfsleyfi séu í raun ótímabundin þó með endurskoðunarákvæðum (bls. 106).

Vegna alls framangreinds telur Umhverfisstofnun tilefni til að skoða aftur gildistöku starfsleyfa en það þarf þá að vera gert heildstætt fyrir atvinnurekstur sem er starfsleyfis skyldur. Verði niðurstaðan sú að starfsleyfi séu ótímabundin er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að leitast við að styrkja enn frekar endurskoðunarákvæði laganna.

Veðsetning starfsleyfa

Þörf: Samræming vegna fyrri breytinga á fiskeldislögum

Í lögum nr. 71/2008 er mælt fyrir um heimild til að veðsetja rekstrarleyfi en með lagareldisfrumvarpinu er lagt til að breyta heimildinni. Í lögum nr. 7/1998 er ekki mælt fyrir um veðsetningu en stofnunin telur sér ekki heimilt að heimila veðsetningu. Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, kemur fram að þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin. Veðsetning, sem brýtur gegn ákvæðinu, getur verið ógildanleg í heild eða að hluta, en niðurstaða í þeim efnunum ræðst af efni ákvæðisins sem takmarkar réttinn til þess að ráðstafa viðkomandi réttindum. Umhverfisstofnun telur æskilegt að lög nr. 7/1998 mæli skýrlega fyrir um heimild eða bann við veðsetningu.

Eftirlitsheimildir

Þörf: Vegna lagareldisfrumvarps

Með lagareldisfrumvarpinu er lagt til að Matvælastofnun fái ríkari heimildir í eftirliti og að eftirlit með lagareldi verði styrkt. Lögin kveða t.a.m. um skyldu á rekstraraðila til að veita Matvælastofnun endurgjaldslausan aðgang að tækjum og búnaði, þ.m.t. farartækjum til flutnings í sjókvíældisstöðvar, án fyrirvara til þess að framkvæma megi eftirlit (36. gr.). Ennfremur mælir frumvarpið fyrir um það nýmæli að Matvælastofnun sé heimilt að nota fjarstýrð loftför í eftirlitsstörfum sínum sem eru búin myndavélum (118. gr.).

Umhverfisstofnun telur æskilegt að skoðað verði að bæta sambærilegum heimildum inn í lög nr. 7/1998.

Afturköllun og forsendubrestur

Þörf: Samræming vegna fyrri breytinga á fiskeldislögum

Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er ekki mælt fyrir um heimild til afturköllunar starfsleyfa þrátt fyrir að löggjöf sem mælir fyrir um veitingu opinbera leyfa innihaldi almennt slík ákvæði.

Í núgildandi fiskeldislögum er mælt fyrir um heimild Matvælastofnunar til að afturkalla starfsleyfi. Í lagareldisfrumvarpinu er lagt til að Matvælastofnun verði veitt heimild til afturköllunar vegna brota á ákvæðum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur. Hér er um beitingu viðurlaga í tilefni af lögbroti eða svonefnd stjórnsluviðurlög. Afturköllun, sem felur í sér stjórnsluviðurlög, getur einvörðungu átt sér stað á grundvelli skýrrar lagaheimildar, sbr. álit Umboðsmanns Alþingis nr., 436/1991 og grein Páls Hreinssonar (2023).

Árið 2023 voru gerðar þrjár úttektir/rannsóknir á leyfisveitingum fyrir mengandi atvinnurekstur. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnslu fiskeldis kemur fram að Ríkisendurskoðun telur að umhverfis-, og orku- og loftslagsráðuneyti þurfi í samvinnu við Umhverfisstofnun að kanna hvort tryggja þurfi stofnuninni víðtækari heimildir til endurskoðunar starfsleyfa og mögulega afturköllun þeirra. Í úttekt IMPEL á leyfisveitingum fyrir mengandi atvinnurekstur kemur fram að breyting er þörf á lögum nr. 7/1998 til að það sé hægt að afturkalla starfsleyfi. Loks var fjallað um heimild til afturköllunar í norðurlandarannsókn um leyfisveitingarferli fyrir mengandi starfsemi en þar kom fram að Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa öll heimildir til að afturkalla starfsleyfi en heimildin er sjaldan notuð. Ekki kom fram í úttektinni hvort þessi heimild væri til staðar í Danmörku. Umhverfisstofnun telur æskilegt að bætt verði við heimild til afturköllunar í lög nr. 7/1998.

Gjaldþrota fyrirtæki/Ábyrgðartrygging

Þörf: Samræming vegna fyrri breytinga á fiskeldislögum:

Í lögum nr. 7/1998 er ekki fjallað sérstaklega um ábyrgð á frágangi svæðis eftir stöðvun rekstrar, að undanskilinni 16. gr. laganna (lokun svæðis). Samkvæmt henni skulu gerðar kröfur í starfsleyfi atvinnurekstrar sem talinn er upp í viðaukum I og II vegna lokun iðnaðarsvæðis þegar starfsemi er stöðvuð endanlega. Í ákvæðinu er einnig lögð áhersla á viðbrögð vegna hættulegra efna á svæði við stöðvun starfsemi.

Þegar starfsleyfishafar stöðva starfsemi endanlega skulu þeir fylgja ákvæðum starfsleyfis þar að lútandi varðandi frágang. Þegar starfsleyfishafi hættir starfsemi þá skal hann sækja um niðurfellingu starfsleyfis til stofnunarinnar og fer þar ákveðið ferli af stað sem endar með því að stofnunin fer í lokunareftirlit og staðfestir að frágangur sé viðunandi áður en stofnunin fellst á niðurfellingu leyfisins.

Í einhverjum tilfellum innihalda þó starfsleyfi ekki ákvæði um skyldur við lokun, þá sérstaklega eldri starfsleyfi. Einnig getur verið að starfsleyfi hafi runnið út og ekki lengur í gildi við lokun starfseminnar. Umhverfisstofnun telur því mjög mikilvægt að í lögum nr. 7/1998 komi fram skýr skylda allra rekstraraðila til þess að ganga frá svæðinu við endanlega stöðvun á starfsemi.

Í 127. gr. lagareldisfrumvarpsins, um váttryggingu, kemur fram að áður en rekstrarleyfi er gefið út, skuli umsækjandi leggja fram sönnun þess að hann hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá váttryggingarfélagi. Upphæð hennar skal miðast við að greiða kostnað sem til fellur við að fjarlægja búnað rekstrarleyfishafa sem hætt hefur starfsemi o.fl.

Umhverfisstofnun bendir á að í þeim tilvikum er rekstraraðilar verða gjaldþrota eða félag afskráð án þess að starfsleyfi hafi verið fellt niður og gengið frá á svæðinu, getur reynst erfitt í framkvæmd að gera rekstraraðilum að ganga frá á svæðinu og m.a. fjarlægja þann búnað sem settur hefur verið út. Stofnunin telur því rétt að starfsleyfishöfum verði gert að leggja fram tryggingu vegna frágangs við endanlega stöðvun starfsemi til þess að tryggja það að viðunandi frágangur svæðisins fari fram á kostnað mengunarvalds, sbr. mengunarbótareglan/greiðslureglan.

Samræmd gagnagátt

Þörf: Vegna lagareldisfrumvarps

Í 121. gr. lagareldisfrumvarpsins er fjallað um skil á gögnum og upplýsingum. Umhverfisstofnun telur æskilegt að skoða þessa grein í samræmi við 34. gr. laga nr. 7/1998 um umhverfisupplýsingar.

Gjaldtökuheimild

Umhverfisstofnun vill benda á að þörf er að endurskoða 53. gr. laga nr. 7/1998 og bæta við heimildum Umhverfisstofnunar til að taka gjald fyrir verkefni stofnunarinnar svo sem umsagnir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, framlengingu starfsleyfa og niðurfellingu starfsleyfa. Þá mætti skoða innheimtu á kostnaði samkvæmt ákvæðinu t.d. með að bæta við heimild til að innheimta kostnað skv. með lögveði, líkt og er í gjaldskrárákvæði heilbrigðisnefndanna í 46. gr. laga nr. 7/1998 og að innheimta kostnað með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar líkt og heimild til að gera varðandi eftirlitsgjald í fiskeldisfrumvarpinu. Í lagareldisfrumvarpinu er einnig að finna ríkari heimild til að krefjast dráttarvaxta en almennt er skv. vaxtalögum en lagt er til að heimilt verði að krefjast dráttarvaxta af kostnaði vegna þvingunarúrræða frá þeim degi þegar kostnaður féll til og fram að greiðsludegi.